



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2024

Auglýsingar Póló á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur

I.

Málsmeðferð

1.

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum sérsverslana og framleiðanda nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir þær, sendi stofnunin bréf til Pólóborgar ehf., rekstraraðila verslanna með heitinu Póló Vape Shop og vefsíðunnar rafrettur.is, dags. 27. desember 2023. Greindi stofnunin frá þeim athugasemdum sem stofnunin gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara. Þótti stofnuninni rétt að benda félaginu á að feli auglýsingar í sér vöru án nikótíns hjá verslunum sem selji að langstærstum hluta nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, leggi stofnunin mat á það hversu augljóst það sé m.v. uppsetningu viðkomandi auglýsingar, almennt vöruúrval þeirra og hvort umbúðir séu sambærilegar vörum með nikótíni.

Vísaði stofnunin til þess að utan á verslun Póló á Bústaðavegi hafi mátt greina ýmsar vörur sem væru hluti af vöruframboði verslunarinnar. Benti stofnunin m.a. á dósir fyrir nikótínþúða frá framleiðandanum Ice framan á versluninni.

Á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi finna myndir sem sýni nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær með beinum hætti.



Þá megi við ýmsar vörur á vefsíðu félagsins, rafrettur.is, finna lýsingar sem gangi lengra en hlutlaus lýsing á einkennum og bragði nikótínvara, rafretta og áfyllinga fyrir þær með notkun jákvætt hlaðinna lýsingarorða, oft í formi langra lýsinga á bragðupplifun.

Að mati stofnunarinnar komi það til greina að meta hvort allar framangreindir viðskiptahættir Pólóborgar kunni að fela í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

2.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 13. febrúar 2024, þar sem óskað var leiðbeiningar um hverju þurfi að breyta.

Pólóborg hafi ekki kostað eina einustu mynd sem hafi verið sett inn á samfélagsmiðla og þar af leiðandi telji það sig ekki hafa verið að auglýsa á samfélagsmiðlum.

Félagið hafi nú gert úrbætur á vefsíðunni varðandi lýsingar á vörum.

Gæti félagið fengið einhvers konar leiðbeiningar um hvernig þessu eigi öllu að vera háttað þá geti það komið sér strax í verkið með að laga það.

3.

Með tölvupósti frá Neytendastofu til Pólóborgar, sendum 14. febrúar 2024, svaraði stofnunin Pólóborg.

Til skýringa um skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í lögnum vísaði stofnunin til skilgreiningar í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/2018. Vísaði stofnunin til þess að ekki væri skilyrði fyrir því að umfjöllun teljist auglýsing að hún hafi verið kostuð eða að endurgjald hafi komið fyrir hana. Auglýsing kunni að vera af ýmsu tagi og margt efni kunni að stafa frá sjálfum seljanda án þess að sérstaklega hafi verið greitt fyrir umfjöllunina

Þá ítreki stofnunin að ekki séu til staðar sérstakar leiðbeiningar um hvernig markaðsefni skuli nákvæmlega háttað svo það brjóti ekki gegn 1. mgr. 11. gr. laganna. Það þurfi því að hafa ákvæðið sjálft til hliðsjónar við útfærslu markaðsefnis. Þá sé gott að fara yfir úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í sambærilegum málum þar sem farið sé ítarlega yfir þau sjónarmið sem lögð séu til grundvallar við mat á því hvort auglýsingar á nikótínlausum vörum kunni að fela í sér brot. Það sé því ekki hlutverk stofnunarinnar að veita frekari leiðbeiningar um útfærslu markaðsefnis en lög heimila, enda ekki um einn réttan möguleika að ræða þar sem markaðsefni kann að vera fjölbreytt.

4.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótt. 23. febrúar 2024, þar sem Pólóborg lýsti vilja til að gera úrbætur miðaðar að athugasemdum stofnunarinnar en þörf væri á leiðbeiningum.



Þá kom að nýju tölvupóstur frá félaginu þann 7. mars 2024, þar sem fram kom að öllum myndum verði eytt þá helgina og verið sé að vinna í því að græja skilti utan á verslun.

5.

Með tölvupósti stofnunarinnar til Pólóborgar, sendum 25. mars 2024, óskaði stofnunin eftir myndum af auglýsingu utan á verslun til að sjá þær breytingar sem gerðar hefðu verið.

Með tölvupósti Pólóborgar til stofnunarinnar þann 25. mars 2024 tjáði félagið stofnuninni að búið sé að láta eiganda ICE vita að hann þurfi að breyta skiltinu eins fljótt og auðið sé.

6.

Með tölvupósti sendum þann 17. apríl 2024 óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hver staðan væri á áætlun Pólóborgar um breytingar. Vísaði stofnunin jafnframt til þess að henni hefði orðið áskynja um auglýsingar framan á öðrum verslunum félagsins. Áréttaði stofnunin jafnframt að málið varði allar Póló verslanir og merkingar utan á verslunum félagsins falli þar undir. Veitti stofnunin félaginu tvær vikur til viðbótar til að bregðast við athugasemdum hennar.

Með tölvupósti, mótt. 20. apríl sama ár, var stofnuninni tjáð að aðeins væru auglýsingar utan á tveimur verslunum félagsins og að það væri í samskiptum við ICE vegna þeirra.

Með tölvupósti sendum 22. apríl sama ár óskaði stofnunin eftir nánari upplýsingum um samskipti félagsins við ICE.

Með tölvupósti þann 29. apríl sama ár tjáði Pólóborg stofnuninni að það muni að öllum líkindum taka auglýsingarnar niður og setja upp skjá eða merkja þetta með stærra „nikótínlaust“. Það sé vont að vita ekki nákvæmlega hvað dugi til.

Með tölvupósti 11. júní sama ár var tók stofnunin fram að það sé ekki hlutverk hennar að útfæra markaðsefni fyrirtækja á markaði, enda séu ákvæði laganna háð túlkun hverju sinni og því ekki tæmandi talið hvað sé löglegt og hvað ekki. Að nýju var óskað upplýsinga um stöðu mála.

Með tölvupósti mótt. 13. júní sama ár var stofnuninni tilkynnt að búið væri að setja stórar merkingar á hliðina á verslun félagsins þar sem stendur „nikótínlaust“.

7.

Í bréfi Neytendastofu til Pólóborgar, dags. 14. október 2024, var vísað til þess að í bréfi stofnunarinnar frá 27. desember 2023, hafi hún vísað til hugsanlegra auglýsinga á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Instagram og Facebook. Í samræmi við þær athugasemdir hafi stofnunin að nýju farið yfir umrædda samfélagsmiðla. Í kjölfar þeirrar yfirferðar hafi stofnunin frekari athugasemdir við viðskiptahætti þess. Voru þær svohljóðandi:



1. á Facebook síðu Póló Hamraborg megi enn finna mynd af áfyllingum fyrir rafrettur sem félagið selji; og

2. félagið virðist ekki hafa gripið til aðgerða í tengslum við hugsanlegt markaðsefni á Instagram síðu félagsins „*polo_iceland*“. Enn sé verið að setja inn færslur á umræddan reikning sem sýni með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Stofnunin bendi á að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 nái til allra samfélagsmiðla félagsins og því óheimilt að hafa auglýsingar á þeim síðum sem brjóta gegn ákvæðinu.

Framangreindu til viðbótar komi textinn „*rafrettur.is*“ fram á stóru skilti utan á verslun Póló Bústaðavegi. Að mati stofnunarinnar kunni umrædd framsetning að fela í sér auglýsingu á rafrettum í skilningi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Stofnunin bendi á að ekki sé gerð athugasemd við að vefverslun félagsins sé rekin á léninu sjálfu en til álita komi hvort birting þess í markaðsefni með þeim hætti sem félagið geri feli í sér auglýsingu samkvæmt ákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna.

8.

Með tölvupósti frá Pólóborg til Neytendastofu, mótt. 15. október 2024, tók félagið fram að það reki ekki þessa samfélagsmiðla og beri enga ábyrgð á þeim. Póló Hamraborg sé ekki á þeirra vegum og „*polo_iceland*“ sé ekki lengur til.

Rafrettur.is sé skráð sem myndmerki og það megi auglýsa myndmerki. Félagið hafi áður átt þessa samræður við annan starfsmann stofnunarinnar og lokaútkoman hafi verið að það sé ekki hægt að banna myndmerki, rétt eins og Polo sé myndmerki. Það muni kanna hvort hægt sé að fá síðu Póló Hamraborg lokað.

9.

Með tölvupósti sendum 15. október sama ár tjáði stofnunin að hún sjái að heiti Instagram síðu Póló hafi nú verið breytt úr „*polo_iceland*“ yfir í „*polo_unofficial*“. Athugasemdir stofnunarinnar eigi því jafnframt við um þá síðu, að breyttu breytanda. Það hafi ekki áhrif á meðferð málsins þó heiti síðunnar hafi verið breytt.

Hvað varði Póló Hamraborg óskaði stofnunin upplýsinga um hvort félagið viti hver reki þann reikning. Sá reikningur virðist að öllu leyti tengjast rekstri þeirrar verslunar.

Hvað varði rafrettur.is hafi stofnunin valdheimildir til að banna notkun vörumerkja í markaðsefni telji stofnunin að vörumerki brjóti gegn ákvæðum þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með. Þó að vörumerki sé skráð gefi það ekki fyrirtækjum endilega frjálssar hendur til notkunar þess út á við. Það gefi Pólóborg hins vegar einkarétt yfir vörumerkinu. Athugasemdir stofnunarinnar standi því óbreyttar. Telji félagið að umræddar athugasemdir



eigi ekki við rök að styðjast sé því heimilt að koma að frekari andmælum áður en ákvörðun verði tekin í málinu.

Í tölvupósti til Neytendastofu, mótt. 7. nóvember 2024, tók félagið fram að rafrettur.is hafi staðið í tæp níu ár á húsinu. Það hafi áður verið rætt innan hús hjá Neytendastofu og niðurstaðan verið sú að þetta fengi að standa. Hvað samfélagsmiðla varði sé félagið hætt á þeim.

Með tölvupósti sendum sama dag tjáði stofnunin Pólóborg að athugasemdir stofnunarinnar í tengslum við umrædda merkingu stæðu engu að síður. Neytendastofa hafi ekki áður tekið ákvörðun um auglýsingar félagsins út frá 11. gr. laga nr. 87/2018. Óskaði stofnunin jafnframt upplýsinga um hvort það sé formlegt svar félagsins að Pólóborg ehf., eða nokkur á vegum þess félags eða verslana þess, standi á bak við Instagram reikninginn „*polo_unofficial*“.

Félagið svaraði því með tölvupósti þann sama dag að það væri réttur skilningur stofnunarinnar. Það sé að færa aðganginn yfir á hlutlausan aðila sem tengist félaginu ekki á nokkurn hátt og beri þar af leiðandi enga ábyrgð á umtöluðum Instagram reikningi.

Með bréfi stofnunarinnar til Pólóborgar, dags. 8. nóvember 2024, lýsti stofnunin gagnaöflun lokið í málinu og tók það til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær hjá verslunum Póló, sem reknar eru af Pólóborg ehf. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins, vefsíðunni rafrettur.is og utan á verslunum þess. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Við meðferð málsins gerði Pólóborg ýmsar breytingar, þ. á m. að breyta auglýsingum fyrir nikótínþúða utan á verslun sinni og fjarlægja eitthvað af efni af samfélagsmiðlum. Á seinni stigum yfirfærði félagið hins vegar umsjón á Instagram reikningi þess yfir til annars aðila sem væri ótengdur félaginu. Taldi félagið sig þ.a.l. ekki vera að brjóta lög með birtingu efnis á Instagram. Þá vísaði félagið til þess að það hefði ekki umráð á Facebook síðu verslunarinnar Póló Hamraborg.



Því til viðbótar hélt félagið því fram að birting á léninu *rafrettur.is* utan á verslun þess væri í lagi þar sem um væri að ræða skráð vörumerki félagsins og þar sem Neytendastofa hafði áður talið það í lagi.

2.

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á nikótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara í auglýsingum.

Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:

„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, útstillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.“

Af skilgreiningu þessari er ljóst að auglýsingar á samfélagsmiðlum eru ekki undanþegnar banni laganna við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Þá er það ljóst að skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast neytendum á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

3.

Eins og að framan er rekið gerði stofnunin upprunalega athugasemdir við lýsingar með vörum á vefsíðu Pólóborgar, rafrettur.is. Undir rekstri málsins fjarlægði félagið hins vegar þær jákvætt hlöðnu lýsingar sem kynnu að fela í sér auglýsingar þvert á ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Með hliðsjón af því telur stofnunin að félagið hafi brugðist við þeim athugasemdum stofnunarinnar með viðeigandi hætti og mun stofnunin því ekki grípa til frekari aðgerða í tengslum við þann hluta málsins að svo stöddu.

Við upphaf meðferðar málsins var stórt auglýsingaskilti frá vörumerkinu ICE framan á verslun Póló á Bústaðavegi. Þar mátti finna dósir utan um nikótínþúða sem voru merktir nikótínlausir með smáu lettri. Undir rekstri málsins stækkaði félagið hins vegar letur það sem tilgreinir að umræddar vörur séu nikótínlausar. Að mati stofnunarinnar leiða umræddar breytingar til þess að nægilega augljóst sé fyrir vegfarendur að sjá að umræddar vörur séu sannanlega nikótínlausar. Mun stofnunin því ekki grípa til frekari aðgerða í tengslum við þá auglýsingu að svo stöddu.

Hvað varðar birtingu Póló á léni sínu rafrettur.is á stóru auglýsingaskilti utan á verslun á Bústaðavegi taldi félagið sig ekki hafa brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laganna. Vísaði félagið jafnframt til þess að stofnunin hafi áður leyft auglýsingunni að standa. Neytendastofa hefur hins vegar aldrei tekið formlega afstöðu til né tekið ákvörðun um lögmæti birtingar lénsins í auglýsingum eftir að stofnuninni var falið eftirlit með auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laganna. Það kemur því ekki í veg fyrir að stofnunin telji umrædda auglýsingu fela í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Að mat Pólóborgar ber að líta til þess að um sé að ræða skráð vörumerki sem félagið hafi notað í níu ár. Þá hafi stofnunin áður samþykkt notkun þess. Eins og stofnunin benti á undir rekstri málsins kemur skráning fyrirtækja á vörumerki ekki í veg fyrir að Neytendastofa geti talið birtingu þess í markaðsefni brjóta gegn ákvæðum þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með. Það ber því að meta hvort birting lénsins á stóru skilti framan á verslun Póló Bústaðavegi



feli í sér brot gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laganna. Við matið ber að líta til þess að lén þeirra felur beinlínis í sér notkun á orðinu „*rafrettur*“. Að mati stofnunarinnar er félagið því með birtingu lénsins að auglýsa rafrettur, sem eru hluti af vöruúrvali þess, með beinum hætti til að auka sölu þeirra, þvert á bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Hefur félagið þ.a.l. með því að birta stórt auglýsingaskilti framan á verslun þess með léninu „*rafrettur.is*“ brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

4.

Þá ber að meta hvort Pólóborg hafi með myndbirtingum á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram verið að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og/eða áfyllingar fyrir rafrettur, þvert á bannákvæði 1. mgr. 11. gr.

Félagið á og rekur tvær Facebook síður, annars vegar fyrir Póló Bústaðavegi og hins vegar fyrir Póló Hamraborg. Undir rekstri málsins vísaði félagið til þess að síðan fyrir Póló Hamraborg sé ekki á vegum þess. Við yfirferð á síðu Póló Hamraborg telur stofnunin hins vegar ljóst að umrædd síða hafi verið stofnuð af hálfu félagsins og sé gerð til að fjalla um starfsemi verslunarinnar. Að mati stofnunarinnar getur félagið ekki skorast undan ábyrgð á efni síðunnar á þeim grundvelli að það hafi ekki aðgang að umræddri síðu enda hægt að grípa til frekari aðgerða til að koma í veg fyrir birtingu efnis á síðunni. Á síðunni er að finna eina mynd sem sýnir áfyllingar fyrir rafrettur með beinum hætti. Með vísan til þess verður að telja umrædda myndbirtingu brjóta gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Hefur félagið gert þónokkrar breytingar á myndbirtingum á Facebook síðu fyrir Póló Bústaðavegi. Upprunalega mátti finna fjölda mynda á síðunni sem sýndu með ýmsum hætti vöruframboð þess, ásamt öðru efni sem kynni að teljast vera auglýsing á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur. Á síðunni má þó enn finna myndir sem sína með skýrum hætti auglýsingaskilti framan á verslun Póló Bústaðavegi með léninu „*rafrettur.is*“ sem áður hefur verið fjallað um í ákvörðun þessari. Eins og áður hefur komið fram telur stofnunin að birting umrædds skiltis framan á versluninni feli í sér brot gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Eðli máls samkvæmt felur birting félagsins á myndum af umræddu skilti á samfélagsmiðlum sínum jafnframt í sér brot gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna, enda er félagið með birtingunni að koma vörum sínum á framfæri við almenning til að auka sölu þeirra.

Í upphafi málsins rak Póló Instagram reikning undir heitinu „*polo_iceland*“. Undir rekstri málsins breytti félagið hins vegar heiti reikningsins í „*polo_unofficial*“. Að mati stofnunarinnar getur sérvöruverslun með nikótínvörur ekki komið sér undan gildissviði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 með því að yfirfæra forræði á samfélagsmiðla reikningi á þriðja aðila sem sér samt sem áður um að birta færslur fyrir hönd félagsins og auglýsa starfsemi þeirra. Slíkir málamyndagerningar myndu ella auðvelda um of möguleika fyrirtækja á að komast undan banni á auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Þar að auki er enn um að ræða færslur sem varða starfsemi félagsins og vöruúrval þess. Verður því



að telja Pólóborg enn ábyrgt fyrir þeim færslum sem birtast á umræddum Instagram reikningi. Á reikningnum eru myndbirtingar eða myndbönd, hvort sem það er með almennri birtingu eða í gegnum sk. Stories, sem sýna með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, eða þar sem þær eru sýndar óbeint, t.a.m. í bakgrunni auglýsingarinnar. Færslurnar eru birtar í mismunandi tilgangi, ýmist til að auglýsa nýjar vörur, verðlækkanir, grín efni, opnunartíma eða til að kynna sjálfa vöruna. Þykir Neytendastofu engum vafa undirorpið að myndbirtingar eða birting myndbanda með þessum hætti séu til þess að auka sölu á tédum vörum hjá Pólóborg, enda vandséð að sérverslun með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær birti myndir af vöruúrvali sínu í öðrum tilgangi en að kynna vörunar fyrir neytendum til að auka sölu þeirra. Samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er því um auglýsingu að ræða í skilningi laganna. Í svörum sínum vísaði félagið til þess að það hafi aldrei kostað eða greitt fyrir auglýsingar á samfélagsmiðlum. Í því samhengi bendir stofnunin á að í skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er það ekki gert að skilyrði að greitt hafi verið fyrir auglýsingu svo hún falli undir gildissvið laganna. Allar færslur á samfélagsmiðlum sem uppfylla skilyrði 1. tölul. 3. gr. laganna falla því undir bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laganna óháð því hvort greitt hafi verið fyrir þær eða ekki. Bendir stofnunin jafnframt á að ekki skiptir máli hvort nikótínvörur, rafrettur eða áfyllingar fyrir þær séu í forgrunni auglýsingar eða sjáist í bakgrunni hennar. Allar auglýsingar á slíkum vörum eru bannaðar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Eðli máls samkvæmt eru færslur á samfélagsmiðlum sem fela í sér auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær, enn í birtingu á viðkomandi miðli. Ákvæðið nær því jafnt til nýrri og eldri færslna á samfélagsmiðlum. Með hliðsjón af framangreindu telur stofnunin að umræddar myndbirtingar á samfélagsmiðlum félagsins feli í sér auglýsingar á nikótínvörum og rafrettum sem brýtur gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Með hliðsjón af framsetningu framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. máls. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna Pólóborg ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.



Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Pólóborgar ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnýslulaga, telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Pólóborg ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 300.000,- (þrjú hundruð þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Pólóborg ehf., Dalapíngi 4, 203 Kópavogi, hefur með því að auglýsa nikótínvörur á samfélagsmiðlum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Pólóborg ehf. hefur með því að birta lénið rafrettur.is á stóru auglýsingaskilti framan á verslun sinni á Bústaðavegi brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Pólóborg ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Pólóborg ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 300.000 kr. (þrjú hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 19. desember 2024

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir